



Kópavogur, 30. október 2015

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar föstudaginn 20. nóvember 2015 klukkan 15:30 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um 25,5% lækkun hlutafjár.
2. Önnur mál löglega upp borin.

Tillaga stjórnar um hlutafjárlækkun í félaginu er svohljóðandi:

„Hluthafafundur N1 hf. haldinn föstudaginn 20. nóvember 2015 samþykkir að færa niður hlutafé félagsins um kr. 120.000.000 að nafnverði, og að auki yfirverðsreikning hlutafjár um kr. 1.423.851.265, eða samtals um kr. 1.543.851.265, og verði fjárhæðin greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags. 18. desember 2015, við fyrsta mögulega tímamark þar eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

Greinargerð stjórnar:

N1 hf. gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu um mitt ár 2011. Lánardrottinnar félagsins eignuðust allt hlutafé þess í kjölfarið. Grunnstef í þeirri vinnu sem unnin var áður en lánardrottinnarnir tóku félagið yfir var að skila inná markaðinn fjárhagslega sterku félagi sem væri vel í stakk búíð til að mæta samkeppni á eldsneytismarkaði. Nú hafa allir hlutir félagsins verið skráðir á opnum markaði eins og að var stefnt.

Hluti af fjárhagsstefnu félagsins sem stjórn og hluthafar hafa samþykkt er að halda eigin fé þess í kringum hlutfallið 40%. Til að ná þessu marki var hlutafé félagsins lækkað samkvæmt ákvörðun hluthafafundar í október árið 2014 og aftur á aðalfundi 2015. Nú leggur stjórn N1 enn og aftur til með hliðsjón af niðurstöðu árshlutareiknings fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2015 að hlutafé félagsins verði lækkað um rúma 1,5 milljarða króna og fjárhæðin verði greidd út til hluthafa þess í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Með þessu er stefnt að því að hlutfall eigin fjár verði rúm 40% í lok ársins.

Ef tillagan verður samþykkt, þá hefur viðskiptabanki félagsins, Íslandsbanki hf., samþykkt fyrir sitt leyti ráðstöfunina, vegna lána sinna til þess.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:00 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

Stjórn N1 hf.